

vísað frá dómi af þeim ástæðum. Með vísan til þessa verður þessum þætti 1. kröfuliðs eigi heldur vísað frá dómi vegna skorts á sáttumleitan.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Vegna anna hefur orðið dráttur á uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreindri kröfu um endurgreiðslu vantalinna afborgana og vaxta er vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 17. marz 1952.

Nr. 73/1951. **Ákærvaldið** (Þórólfur Ólafsson)

gegn

**Þórnýju Þuríði Tómasdóttur og**

**Jóni Kjartanssyni** (Guttormur Erlendsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson  
og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað  
hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.  
Þórðar Eyjólfssonar.

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Það er ljóst, að maður sá, sem varð fyrir bifreiðinni, hefur vikið til hægri, er hana bar að honum, og verður í refsímáli þessu að leggja til grundvallar frásögn ákærðu um hegðun mannsins, þar sem vitna er ekki kostur. Ber því að miða við það, að háttsemi hans hafi að nokkru verið orsök slyssins.

Brot ákærðu Þórnýjar Þuríðar Tómasdóttur varðar við 20., 21. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 38. gr. þeirra laga og 2. gr. laga nr. 49/1948, að því er varðar 21. gr. bifreiðalaganna, við 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og við 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Brot Jóns Kjartanssonar varðar við öll framangreind lagaákvæði, sbr. 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og 22. gr. laga nr. 23/1941.

Með þessum athugasemdum þykir rétt að staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að ákærða Þórný Þuríður Tómasdóttir skal svipt rétti til að öðlast leyfi til að aka bifreið ævilangt.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á rannsókn máls þessa. Ekkert var aðhafzt í málinu frá 18. júní 1949 til 28. júlí 1950, er próf málsins voru send dómismálaráðuneytinu. Þá brestur mjög á, að rannsókn málsins hafi verið svo rækileg sem skyldi. Verður að víta héraðsdómarann, Bjarna Bjarnason bæjarfógeta, fyrir þessi mistök.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að ákærða Þórný Þuríður Tómasdóttir er svipt ævilangt rétti til að öðlast leyfi til að stjórna bifreið.

Ákærðu, Þórný Þuríður Tómasdóttir og Jón Kjartansson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Þegar gætt er allra aðstæðna, sem frá er greint í héraðsdómi og atkvæði meiri hluta dómenda, tel ég refsingu ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðna varðhald 40 daga.

Að öðru leyti er ég samþykkur forsendum og dómsorði meiri hlutans.

**Dómur aukaréttar Siglufjarðar 30. desember 1950.**

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn Jóni bæjarstjóra Kjartanssyni og Þórnýju

Þuriði Tómasdóttur, báðum að Norðurgötu 4 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 1941.

Ákærðu eru bæði komin yfir lögaldur sakamanna, Jón fæddur í Siglufirði 5. júní 1917, en Þórný að Miðhóli í Sléttuhlíð 11. júní 1921, og hafa ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 7. júní 1949, um kl. 7 síðdegis, ók ákærði Jón bifreiðinni F. 170 frá skrifstofu sinni í Norðurgötu 4 hér í bæ. Með honum voru í bifreiðinni kona hans, ákærða Þórný, og skrifstofumaður hans, Helgi Hallsson. Var förinni heitið heim á leið með Helga, og sat hann hjá ákærða Jóni í framsæti bifreiðarinnar, en ákærða Þórný sat í einu af eftri sætum hennar. Ók ákærði sem leið liggur vestur Aðalgötu og norður Túngötu, þar til Þormóðsgata sker hana. Sveigði hann þá bifreiðinni inn í Þormóðsgötu og stöðvaði hana þar, og vissi bifreiðin í austur. Fór Helgi þar úr bifreiðinni, en hann á heima nálægt þessum gatnamótum. Er hann var farinn, settist ákærða Þórný undir stýri bifreiðarinnar og hugðist aka henni að Norðurgötu 4. Hún hafði eigi réttindi til bifreiðaraksturs og hafði ekki lokið ökuþrófi, en sumarið 1947 hafði hún fengið nokkra tilsógn í akstri hjá ökukennara. Ákærði Jón hafði ekki réttindi til ökukennslu, en kveðst hafa viljað gefa konu sinni kost á að æfa sig í akstri við þetta tækifæri. Ók hún síðan niður (austur) Þormóðsgötu og sveigði síðan til suðurs inn í Norðurgötu. Er bifreiðin kom fyrir hornið, sáu ákærðu mann á gangi suður götuna. Gangstéttir eru ekki við götu þessa, en maðurinn gekk á vinstri helmingi götunnar. Hugðist ákærða aka fram hjá manninum með því að sveigja bifreiðinni til hægri, en hann vék þá einnig til hægri handar, þ. e. út á götuna, og án þess að líta við. Ætlaði ákærða þá að aka út af götunni hægra megin, en þá segir hún manninn hafa hlaupið svo beint í veg fyrir bifreiðina, að ákærðu hemluðu bifreiðina bæði, ákærða með fóthemlum, en ákærði Jón með handhemli. Eigi stöðvaðist bifreiðin samt fyrr en rafmagnsstaur varð á vegi hennar. Stóð hann í hægri (vestari) vegarbrún, 24,5 metra frá gatnamótunum. Jafnsnemma var maðurinn kominn að staurnum og varð hann á milli staura og bifreiðar og skorðaðist þar, er bifreiðin stöðvaðist. Menn þeir, er fyrsta bar að slyssaðnum, sáu ekki lífsmark með hinum slasaða manni, sem reyndist vera Ásmundur Sigurðsson verkamaður, Hafnargötu 14. Er hann hafði verið losaður úr skorðunum, var hann þegar fluttur í sjúkrahús, og 10—15 mínútum eftir slysið, þegar læknir sjúkrahússins skoðaði hann, var ekkert lífsmark með honum. Um áverka á líkinu segir svo í vottorði læknisins: „Vinstri handleggur var brotinn rétt ofan við miðju. Önnur bein virtust vera heil. Minni háttar skrámur voru á vinstra handarbaki, hægri mjaðmarspaða og á hægri fótlegg. Lítils háttar blæðingar voru undir báðum efri augnlokum, en meiðsli eða áverkar á höfði sáu ekki.“ Lík Ásmundar var ekki krufið, en læknir sá, sem gaf fyrrgreint vottorð, hefur hér fyrir dómi borið fram þá tilgátu, að banameinið hafi verið contusio á hjarta, og hafi því valdið hinn mikli þrýstingur á „hjartaregion“.

sem Ásmundur varð fyrir af að klemmast milli staurs og bifreiðar.

Ákærðu eru sem næst ein til frásagnar um aðdraganda slyss þessa. Eru þau sammála um það, að bifreiðinni hafi verið ekið hægt allan tímann, að ákærða hafi gefið hljóðmerki, bæði þegar hún ók fyrir hornið og þegar hún varð Ásmundar vör, svo og um viðbrögð hans og hemlun bifreiðarinnar. Vitnin Guðmundur Jóhannesson og Skarphéðinn Guðmundsson eru sammála um, að bifreiðin hafi verið á hægri ferð, en hvorugur virðist hafa orðið var við hljóðmerki. Hinn síðarnefndi sá Ásmund á gangi suður götuna og taldi hann hafa gengið á miðri götu, en eftir að bifreiðin kom á götuna, byrgði hún vitninu útsýn, svo að það sá ekki til Ásmundar aftur, fyrr en það kom að staurnum. Hemlar bifreiðarinnar voru vandlega skoðaðir eftir slysið, og voru þeir vel virkir, en ekki rétt stilltir, þannig að þeir tóku ekki á öllum hjólum samtímis.

Ljóst er af gögnum málsins, að viðbrögð Ásmundar heitins voru andstæð því, er vera bar, er hann veik út á götuna og yfir hana til hægri handar, og þykir verða að líta svo á, að hann hafi að verulegu leyti orðið valdur að slysinu.

Þess er fyrr getið, að ákærðu og vitni þau, er áður greinir, eru á einu máli um, að bifreiðin hafi verið á hægri ferð, þegar á gatnamótin kom. Gatan er hallalaus og jarðvegurinn malarkenndur. Hemlaforin fyrir aftan bifreiðina voru mæld 5.5 metrar, bifreiðin sjálf er 3.40 metrar milli öxla, og ákærðu beittu bæði fóthemlum og handhemli, en högg það, sem Ásmundur heitinn (og staurinn) urðu fyrir, var samt svo þungt, að bifreiðin skemmdist verulega að framan. Var vatnskassi ónýtur og vatnsskassahlíf mikið skemmd og „stuðari“ og „stuðara“-fjaðrir brotin. Þykir af þessu sannað, að hraði bifreiðarinnar var, a. m. k. rétt áður en slysið varð, of mikill, til þess að unnt væri að stöðva bifreiðina, þegar nauðsyn krafði. Af þessu og öðrum gögnum málsins er ljóst, að ákærða sýndi ekki nauðsynlega aðgæzlu og varkárni í akstrinum, og hefur hún með því gerzt brotleg við 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaganna. Með því að aka bifreiðinni án þess að hafa fengið ökuskírteini og án þess að ökukennari væri við hlið hennar hefur ákærða brotið 20. og 21. gr. bifreiðalaganna, sbr. 38. gr. sömu laga. Framangreindur brestur á varfærni og aðgæzlu ákærðu var meðorsök slyssins og dauða Ásmundar, og þykir ákærða því hafa gerzt brotleg við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Refsing ákærðu Þórnýjar þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald 30 daga. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hana rétti til að öðlast ökuleyfi í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Með því að fela ákærðu stjórn bifreiðarinnar hefur ákærði Jón brotið 22. gr. bifreiðalaganna, og að öðru leyti verður að telja, að hann hafi gerzt samvaldur ákærðu Þórnýju að slysinu, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 30 daga, og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann ökuleyfi í tvö ár.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Guttorms hæstaréttarlögmanns Erlendssonar, kr. 600.00.

Bjarni Bjarnason bæjarfógeti kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Kjartansson, sæti varðhaldi 30 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í tvö ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Þórný Þuríður Tómasdóttir, sæti varðhaldi 30 daga.

Hún skal svipt rétti til að öðlast leyfi til að aka bifreið í tvö ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guttorms hæstaréttarlögmanns Erlendssonar, kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 24. marz 1952.

Nr. 130/1951. **Ákærvaldið** (Jón Ólafsson hdl.)  
 gegn

**Jónasi Þorbergssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Brot í opinberu starfi. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Samkvæmt málshöfðunarskipan og stefnu var mál þetta höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rannsóknin hefur beint að fleiri sakaratriðum en héraðsdómari hefur lagt dóm á, en ákærvaldið hefur með bréfi, dags. 10. marz þ. á., lýst því, að það krefjist þess ekki, að dómur verði lagður á fleiri atriði máls þessa en dæmd hafa verið í héraði. Verða því þau atriði ein dæmd í Hæstarétti, sbr. lögjöfnun frá 115. gr. laga nr. 27/ 1951.

I.

Ríkisútvarpið hefur haft á leigu húsnæði í húsi Póst- og símamálastjórnarinnar í Thorvaldsensstræti í Reykjavík. Í